

Skrá 21. Himintungl

Þjóðháttaskráning Þjóðminjasafnsins

21. Spurningaskrá

Inngangur

Það er kunnara en svo, að um þurfi að fjölyrða, að í þjóðháttum og þjóðtrú er margt tengt sólu, tungli og stjörnum. Spurningaskrá sú, sem hér fer á eftir, hefur það markmið að kanna það svið. Um efnið hefur að sönnu margt verið skráð og prentað, en mikið mun á skorta, að þar hafi ekkert undan fallið. Þá ber þess og að gæta, að hér - sem víðar - munu venjur og skoðanir hafa verið með mismunandi móti í hinum ýmsu byggðum og landshlutum.

Himintungl.

Var orðið himintungl notað um sól, tungl og stjörnur eða e.t.v. aðeins um sól og tungl? Var það aðeins notað í fleirtölu?

Mátti ekki benda á sól, tungl eða stjörnur? Hvað lá við ef út af var brugðið?

Stjörnur

Lá bann við því að reyna að telja stjörnur? Hvað lá við, ef út af var brugðið?

Var mark tekið á því gagnvart veðri, ef stjörnur blikuðu mikið (titruðu)? Hvaða veður var þá í vændum?

Var mark tekið á því gagnvart veðri, ef himinn var þéttstirndur sem kallað var? Hvaða veður var þá í vændum?

Var spáð fyrir veðri eftir einstökum stjörnur eða stjörnumerkjum? Lýsið því.

Voru einstakir menn, sem kunnu að lesa á vetrarbrautina og spá fyrir vetri eftir henni? Lýsið því.

Var því trúað, að stjörnuhrap boðaði eitthvað sérstakt,

a) í vöku, b) í draumi, og fór það e.t.v. eitthvað eftir því, hvort um eitt einstakt stjörnuhrap var að ræða eða mörg stjörnuhröp samtímis?

Hvað boðuðu stjörnur himins í draumi?

Voru uppi menn, sem voru fróðir um stjörnur (stjörnufróðir) og iðkuðu að segja fyrir um ævi manna og forlög eftir stöðu stjarna? Gekk skráður fróðleikur um það efni milli manna?

Kunna menn óskráðar sagnir eða vísur tengdar stjörnum?

Sólin

Hvaða orðum var farið um uppkomu sólar, göngu hennar daglangt og sólarlag (sólris, sólaruppkoma, sólin rís upp, sólin kemur upp, sól í hádegisstað, sólarlag, sól hnígur til viðar o.s.frv.)?

Hvaða orðum var farið um hæstu og lægstu göngu sólar, miðað við árið (sól í hæstu merkjum, sól í lægstu merkjum o.s.frv.)?

Var talað um skaftháa sól, t.d. í skammdegi? Hvað fólst í því?

Var einhver sérstök trú varðandi sólstöðudaginn eða sólstöðustundina gagnvart, veðri, verkum eða öðru? Var rætt um það, að veður myndi breytast um sólstöðurnar eða upp úr sólstöðunum?

Voru veður eða vindur kennd við sól (sólfar, sólfarsvindur t.d.)?

Þekktist nokkur trú varðandi sólstafi gagnvart veðri?

Var einhver ákveðin skoðun ríkjandi varðandi morgunroða og kvöldroða gagnvart veðri?

Hvað nefndust geislabrot í skýjum á undan og eftir sól (aukasólar t.d.)? Var ákveðið orðtak um þá haft: Sjaldan er gíll fyrir góðu nema úlfur á eftir renni eða annað því líkt? Var því almennt trúað, að þetta hefði áhrif á veður? Var þessi trú e.t.v. einnig tengd því, hvort "sólirnar" voru í

austri eða vestri?

Var vitnað til þess með vísu? Voru einhverjir bæir í byggðinni, þar sem ekki sá sól sökum fjalla vissan tíma í skammdegi? Voru ákveðnir siðir tengdir því, hvernig sól var þá fagnað, er hún sást að nýju um eða eftir áramótin? Fór heimilisfólkið þá e.t.v. út á stétt eða hlað? Voru nokkur viss orð eða vissar setningar þá uppi hafðar af heimamönnum? Var heimaþólki gefinn glaðningur, er sól var fagnað (kaffi, lummur, pönnukökur t.d.)? Hét þessi glaðningur eitthvað (sólarkaffi t.d.)?

Telja menn, að þetta hafi verið gamall, fastur siður? Þekkjast nokkrar sagnir um hann?

Eru til vísur um sólarlausa skammdegisdaga eða endurkomu sólar á bæinn?

Þekktist sú trú, að sólin dansaði um sólaruppkomu á páskadaginn? Kunna menn sagnir um það?

Var talað um rosabaug eða þráviðrisbaug umhverfis sól? Var það veðurboði? Lýsið því.

Regnboginn

Nefndist regnbogi eitthvað annað (friðarbogi t.d.)? Undir hvaða nafni gekk hann að jafnaði?

Var nokkurt fast orðtak manna, er regnbogi sást í skýjum (Friður sé milli himins og jarðar o.s.frv. t.d.)? Var því fagnað, er regnbogi sást í skýjum í illviðratíð? Var regnbogi annars talinn á einhvern hátt veðurmerki? Var almennt um það talað, að maður fengi ósk sína uppfyllta, ef hann kæmist undir annanhvorn enda regnbogans?

Hvað nefndist regnbogstúfur, sem stundum sást í skýjum til hafs (hafgall, hafgalli t.d.)? Var eitthvert mark tekið á honum gagnvart veðri?

Tunglið

Tíðkuðust msimunandi orð um tunglið (tungl, máni) og stöðu þess á himni, miðað við tungl í fyllingu og vaxandi og minnkandi tungl (nýtt tungl, nýmáni t.d.)? Var e.t.v. gerður greinarmunur á tungli og mána? Var orðið máni þá aðeins notað um vaxandi eða minnkandi tungl? Var t.d. um það rætt, að það sæist aðeins svolítill máni af tunglinu?

Tíðkuðust mismunandi orð um birtu tunglsins, svo sem tungsljós, tunglsskin, mánaskin, lýsi o.s.frv.?

Var almennt talað um "kallinn í tunglinu," og kunna menn nokkuð frá honum að segja?

Allir kannast við vísuna: Tólf eru í ári tunglin greið / til ber að þréttán renni o.s.frv.? Báru hin ýmsu tungl ársins nöfn eftir mánuðum, árstíðum og hátíðum (þorratungl, góutungl, páskatungl, sumartungl, vetrartungl, jólatungl o.s.frv.)?

Var veðurboði í því fölginn, hvort tungl var vaxandi eða minnkandi um áramót?

Var ekki sama á hvaða degi vikunnar tunglkoma var gagnvart ráðandi veðri næstu fjöggra vikna (veðurreynd)?

Kannast menn við orðið hlaupatungl? Hvað merkti það?

Var mark tekið á því, hvernig viðraði fimmta dag tungls (á fimmtunni)?

Var talað um það, að tunglið kviknaði, er rætt var um komu þess á vissri stundu sólarhrings?

Var einnig talað um, að tunglið spryngi út í vissri átt í sambandi við tunglkomu? Var eitthvert mark þá á því tekið í hvaða átt tunglið sprakk út?

Var talað um það, að tungl gengi stutt í sjó, er sást óvenju fljótt móta fyrir því eftir tunglkomu? Boðaði það eitthvað?

Hvað var það nefnt, ef mótaði fyrir tunglkringlunni óvenju fljótt eftir tunglkomu (að tunglið væri formbert t.d.)?

Var talað um það, að tunglið grúfði? Hvað fólst í því? Boðaði það eitthvað?

Var talað um það, að tunglið væri stafnahvasst? Hvað fólst í því? Boðaði það eitthvað?

Var mark tekið á því gagnvart veðri, hvernig litur tunglsins var á himinhvolfinu (rauður, bleikur)? Hvað var það nefnt, er tunglið var óvenju skært (að það væri mánabert t.d.)?

Var það nokkuð almennt álit manna, að veðrabrigði yrðu um tunglkomu, kvartelaskipti

tungls og í stórstrauma? Hvaða orðum var um það farið?

Hvaða heiti voru notuð um sjávarföll?

a) Hvaða heiti voru notuð um aðfall sjávar (aðfall, flóð, flæði, flæðandi o.s.frv.)?

b) Hvað var flóð í hámarki nefnt (háflóð t.d.)?

c) Hvaða heiti voru notuð um fallaskipti (liggjandi, fallaskipti, stans o.s.frv.)?

d) Hvaða heiti voru notuð um útfall sjávar (útfall, fjara, fjar o.s.frv.)?

e) Hvað nefndist fjara í lágmarki (lágfjara t.d.)?

f) Hvað nefndist sá hluti sjávarstrandar og sjávargrunns, er þurr varð um fjöru (fjara, útfiri, útfjar o.s.frv.)?

g) Hvað nefndust sjávarfallastraumar (no. stórstraumur, stórstreymi, lo. stórstreymt, no. smástraumur, smástreymi, lo. smástreymt)? Voru sjávarfallastraumar kenndir við áttir (austurfall, vesturfall t.d.)? Voru sjávarfallastraumar kenndir við mánuði eða daga (góustraumur, höfuðdagsstraumur t.d.)? Var talað um stærsta straum og minnsta straum og stærstu fjörur og minnstu fjörur í samandi við sjávarfallastrauma?

Var búist við meiri háttar veðrabrigðum í stærstu strauma ársins, góustrauminn og höfuðdagsstrauminn? Var eitthvert ákveðið orð notað um meiri háttar óveður eða illviðri nálægt stórstraumi í sjó (straumkast t.d.)?

Var því almennt trúað, að tunglkomur og sjávarfallastraumar hefðu áhrif á fiskigöngur í sjó og veiðivötn og að sjávarfallaskipti hefðu áhrif á fiskidrätt og veiði í sjó og vötnum?

Var það talið hafa þýðingu fyrir ýmsa atburði lífsins, hvernig stóð á tungli, er þeir gerðust (fæðing barns t.d.)?

Var álitið, að tunglsljós gæti haft ill áhrif á fóstur í móðurkviði ef það skein á móðurina á einhvern ákveðinn stað líkamans?

Miðuðu menn ýmsar athafnir sínar við það, hvernig stóð á tungli eða sjó (hárskurð, naglskurð, blóðtöku, búferlaflutninga, byggingu dyrakampa, byggingu reykháfa og strompa á hús, torfristur, byrjun sláttar, slátrun búfjár, klippingu sauðfjár, manskurður hrossa, kýr leiddar til nauts o.s.frv.)?

Var mark tekið á því, hvernig stóð á tungli um sumar hátíðir kirkjuársins eða aðra merkisdaga ársins?

Hvaða merkingu hafði það að dreyma tunglið, og fór það e.t.v. að einhverju leyti eftir stöðu þess á himninum og öðrum auðkennum (birtu t.d.)?

Kannast menn við urðarmána og þjóðtrú eða sagnir varðandi hann?

Var því almennt trúað, að veðurreynd yrði hin sama 19. hvert ár? Var það tímabil nefnt tunglöld? Gerðu menn veðurspádóma, miðað við tunglöld eftir gömlum dagbókum (veðurbókum)?

Var talað um rosabaug eða þráviðrisbaug umhverfis tunglið? Hver munur var þar á? Var þetta veðurboði? Lýsið því.

Segið frá öðru, sem varðar tunglið eða stjörnur, þjóðtrú eða skoðanir manna varðandi það og áhrif þess.

Skrifið vísur eða þulur varðandi tunglið, sól eða stjörnur, ef völ er á.

Himinteikn

Voru viss fyrirbrigði á himni nefnd himinteikn (vígabrandur o.s.frv.)? Þekkja menn nokkrar sagnir varðandi þau eða þjóðtrú varðandi þau?

Norðurljós

Kannast menn við nokkra trú í sambandi við norðurljósinn, varðandi veður eða annað?